



**Ársskýrsla
Viðlagatryggingar
Íslands 2015**



Hlíðasmára 14 • 201 Kópavogur
Sími +354 575 3300
vidlagatrygging.is

Ábm: Hulda Ragnheiður Árnadóttir

Stjórn og starfsfólk

Stjórn stofnunarinnar er skipuð fimm einstaklingum til fjögurra ára. Þrír eru kosnir af Alþingi, einn valinn af váttryggingafélagunum og fjármála- og efnahagsráðherra skipar formann. Sigurður Kári Kristjánsson er stjórnarformaður og

stjórnarmenn kosnir af Alþingi eru Adolf Guðmundsson, Lína Björg Tryggvadóttir og Ragnar Þorsteinsson. Vigdís Halldórsdóttir er fulltrúi váttryggingafélaganna. Núverandi stjórn var skipuð árið 2015.



©Jóhannes Long

Viðlagatrygging hefur á að skipa öflugum hópi starfsmanna með fjölbreyttan bakgrunn. Framkvæmdastjóri er Hulda Ragnheiður Árnadóttir. Aðrir starfsmenn eru Halldór Frí-

mannsson, lögfræðingur; Jón Örvar Bjarnason, byggingarverkfræðingur; Jónína Pálsdóttir, bókarari og þjónustufulltrúi og Tinna Hallbergsdóttir, gæða- og þjónustufulltrúi.



©Bjarney Lúðvíks

Um Viðlagatryggingu Íslands

Sögu Viðlagatryggingar Íslands má rekja aftur til 30. desember 1974, þegar þáverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipaði Ásgeir Ólafsson forstjóra, Benedikt Sigurjónsson hæstaréttardómara og Bjarna Þórðarson tryggingafræðing í nefnd til að „gera tillögur um fyrirkomulag skyldu-trygginga er bæti tjón á húseignum og lausafé af völdum náttúruhamfara og semja frumvarp til laga um slíkar váttryggingar.“

Nefndin skilaði í kjölfarið frumvarpi til laga um Viðlagatryggingu Íslands, sem lagt var fyrir Alþingi næsta vor og samþykkt sem lög þann 27. maí 1975, með gildistöku 1. september 1975. Viðlagatrygging Íslands tók við eignum og skuldum Viðlagasjóðs, sem hætti endanlega starfsemi árið 1978.


Lögin hafa tekið breytingum síðan, en í dag starfar Viðlagatrygging Íslands eftir lögum nr. 55/1992 og reglugerð nr. 83/1993 um Viðlagatryggingu Íslands. Auk þess eru helstu réttarheimildir lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, lög um váttryggingastarfsemi nr. 56/2010 og stjórnáskil lög nr. 37/1993. Framkvæmdastjóri var fyrst ráðinn í hlutastarf árið 1981. Framkvæmdastjórar hafa verið fjórir frá þeim tíma, Ásgeir Ólafsson 1981-1986, Geir Zoega 1986-2000, Ásgeir Ásgeirsson 2000-2010 og Hulda Ragnheiður Árnadóttir frá árinu 2010.



Staðsetning váttryggðra eigna


Ef horft er til tjónskostnaðar er suðvesturhorn landsins sérlega viðkvæmt fyrir náttúruvá því þar eru um 70-75% allra váttryggðra eigna.

Viðlagatrygging Íslands hefur á undanförmum árum lagt aukna áherslu á mat á váttryggingaráhættu. Ítarlegra áhættumat hefur meðal annars leitt til mun betri upplýsingagjafar til endurtryggjenda, enda hafa kröfur þeirra um ítarlegar upplýsingar aukist til muna á síðustu árum. Bætt upplýsingagjöf til endurtryggjenda leiðir af sér minni óvissu þeirra, sem stuðlar að hagstæðari samningum um endurtryggingavernd.



Virði váttryggðra eigna

Í september 2015 var virði eigna sem váttryggðar eru af Viðlagatryggingu Íslands ríflega 10.200 milljarðar króna. Þar af eru fasteignir um 7.300 milljarðar (71%), innbú og lausafé um 2.200 milljarðar (22%) og veitur og önnur mannvirki um 750 milljarðar (7%). Frá árinu 2006 hefur heildarverðmæti eigna u.þ.b. tvöfaldast í krónum talið. Aukning verðmæta á milli áranna 2014 og 2015 var 2,4%.




■ Fasteignir ■ Lausafé ■ Opinber mannvirki — EUR skv. gengi hvers árs ■ Fasteignir ■ Lausafé ■ Opinber mannvirki

Skipting váttryggðra eigna

Árleg iðgjöld af váttryggðum fasteignum og lausafé er 0,25% af váttryggingarfjárhæð. Váttryggingarfélag annast innheimtu iðgjalda af fasteignum og váttryggðu lausafé, samhliða innheimtu iðgjalda fyrir brunatryggingar.

Árleg iðgjöld af váttryggðum opinberum mannvirkjum er 0,20%. Viðlagatrygging Íslands annast álagningu og innheimtu iðgjalda vegna opinberra mannvirkja. Hér má sjá hvernig váttryggingaverðmæti skiptast á milli fasteigna, lausafjár og opinberra mannvirkja.





©Magnús Traustason

Tjónsatburðir á árinu 2015

Á árinu urðu þrjú tjónsatburðir sem höfðu áhrif á starfsemi Viðlagatryggingar Íslands.

Þann 28. ágúst 2015 varð vatnsflóð á Siglufirði. Þar margfaldaðist rennsli Hvanneyrarár, sem rennur í gegnum bæinn, þannig að hún ruddi sér leið upp úr farvegi sínum og flæddi inn í hús í bænum. Ræsi fylltust af aur og ýmsar skemmdir urðu á mannvirkjum. Samtals liggja fyrir 70 tjónamöt hjá Viðlagatryggingu Íslands vegna tjóna á Siglufirði og heildar tjónabætur nema ríflega 45 milljónum króna.

Þann 29. september 2015 kom viðvörðun frá Veðurstofu Íslands um að skýr merki væru um að Skaftárhlaup væri hafið. Þann 2. október náði hlaupið hámarki en þá fór rennslið skv. mælingum í 2.200 m³/sek, sem er liðlega 45% meira en mesta rennsli sem áður hefur mælst. Verulegt tjón varð á brú yfir Eldvatn á Ásum og viðgerðarkostnaður metinn hærri en sem nemur vátryggingafjárhæð brúarinnar. Tjón varð á ljósleiðara sem ligg-

ur yfir Skaftá, milli Búlands og Skaftártungu. Loks varð tjón á lausafé í sumarhúsi. Samtals liggja þrjú tjónamöt fyrir hjá Viðlagatryggingu Íslands vegna tjóna á mannvirkjum og lausafé, þar sem heildartjónabætur nema ríflega 120 milljónum króna.


Þann 28. og 30. desember 2015 urðu vatns- og sjávarflóð á Austurlandi, auk þess sem krapaskriða féll á bæ í Hrafnkelsdal. Mest varð tjónið í Fjarðabyggð en einnig varð tjón á váttryggðum mannvirkjum á Breiðdalsvík. Í Fjarðabyggð varð mesta tjónið á Neskaupstað og Eskifirði. Á Neskaupstað flæddu lækir yfir bakka sína vegna vatnavaxta og þegar aurskriður féllu í þá og stífluðu. Tjón varð af þessum sökum á fasteignum og í fáum tilvikum á lausafé. Á Eskifirði varð tjón fyrst og fremst vegna sjávarflóðs þann 30. desember 2015, þegar talsvert tjón varð á nokkrum fasteignum sem standa nærri fjöruborðinu. Samtals liggja fyrir 70 tjónamöt hjá Viðlagatryggingu Íslands vegna tjónanna og nema heildartjónabætur um 70 milljónum króna.



Tjónsatburðir 1995-2015

Á liðnum árum hefur verið lögð áhersla á gagnasöfnun um alla tjónsatburði aftur til ársins 1995. Til að tölurnar sýni marktækan samanburð hafa þær allar verið framreiknaðar með byggingarvísitölu. Eins og sjá má er stærstur hluti tjóna af völdum jarðskjálfta. Framreiknað tjón vegna jarðskjálftanna á Suðurlandi árið 2000 var í september 2015 um 7,6 milljarðar og jarðskjálftans á Suðurlandi árið 2008 um 13,3 milljarðar.

Á síðustu 20 árum hafa 27 snjóflóð verið skráð hjá Viðlagatryggingu Íslands. Fjórtán þeirra urðu árið 1995 og bera fjögur þeirra um 88% af öllum tjónskostnaði vegna snjóflóða á þessu 20 ára tímabili. Frá árinu 1995 hafa risið öflugar snjóflóðavarnir á öllum helstu snjóflóða hættusvæðum, sem draga verulega úr líkum á tjóni af völdum snjóflóða á Íslandi.



Snjóflóðavarnir fyrir ofan Neskaupsstað


Birt með leyfi í Fjarðarbyggðar



©Ira Goldstein

Fjárhæðirnar hér að neðan sýna í milljörðum króna tjónskostnað vegna tjóna sem orðið hafa frá árinu 1995, af völdum annarra náttúruhamfara en jarðskjálfta. Jarðskjálftum er sleppt úr þessari mynd til að sýna betur tíðni og fjárhæðir vegna smærri atburða. Græna línan sýnir fjölda atburða sem taldir eru á hægri ás. Fjárhæðir hafa allar verið framreiknaðar til ársins 2015 í samræmi við byggingarvísitölu.

Heildartjón eftir tegund atburðar 1995-2015 (án jarðskjálfta)





©Magnús Traustason

Áhættumat vegna náttúruhamfara

Undanfarin ár hefur verið lögð mikil áhersla á faglegt og gegnsætt mat á áhættu Viðlagatryggingar Íslands af völdum náttúruhamfara. Aðilar á endurtryggingamarkaði gera sífellt meiri kröfur um upplýsingar sem byggja á viðurkenndum aðferðum á sviði jarðvísinda og verkfræði. Það er því ekki aðeins skylda Viðlagatryggingar Íslands sem stofnunar að þekkja áhættuna sem best t.d. vegna mats á gjaldþoli, heldur er einnig um að ræða beina viðskiptahagsmuni við gerð samninga við erlenda endurtryggjendur.

Í kjölfar jarðskjálftanna í maí 2008 var ljóst að nauðsynlegt væri að stórbæta greiningu á jarðskjálftavár og afleiðingum hennar á váttryggðar eignir. Árið 2009 hófst vinna á vegum Viðlagatryggingar Íslands við að meta áhættu af völdum jarðskjálfta með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar. Verkefninu lauk að mestu árið 2011 og þá lágu fyrir reiknilíkön til að meta með tölfræðilegum hætti jarðskjálftaáhættu Viðlagatryggingar Íslands. Reiknilíkanið byggir á þremur meginþáttum, þ.e. tölfræðilegu mati á jarðskjálftavá eftir landsvæðum, upplýsingum um gerð og staðsetningu váttryggðra eigna og loks mati á tjónnæmi eignanna ef jarðskjálftar verða.

Mat á jarðskjálftavá snýst í meginatriðum um að áætla líkur á því

að jarðskjálftar eigi sér stað af tiltekinni stærð á tilteknu svæði og byggja meðal annars á jarðskjálftamælingum frá Veðurstofu Íslands og upplýsingum um sögulega jarðskjálfta frá árinu 1700. Upplýsingar um gerð, verðmæti og staðsetningu váttryggðra eigna eru fengnar frá váttryggingafélagunum sem og frá Þjóðskrá Íslands. Mat á tjónnæmi eignanna, þ.e. hversu vel þær þola jarðskjálftaálag, byggir á greiningu á gögnum sem söfnuðust í kjölfar jarðskjálftanna á Suðurlandi árin 2000 og 2008.

Eftir að settar voru fram niðurstöður úr samevrópsku verkefni (SHARE) á sviði jarðskjálftavár, sem voru talsvert ólíkar því sem niðurstöður Viðlagatryggingar Íslands bentu til, var ákveðið að yfirfara og endurgera matið á jarðskjálftavánni. Viðlagatrygging Íslands hefur nú í samstarfi við Pál Einarsson prófessor í jarðeðlisfræði og Bjarna Bessason prófessor í byggingarverkfræði, unnið að endurskoðun á upptakasvæðum jarðskjálfta á Íslandi og eiginleikum þeirra. Fyrstu niðurstöður úr því verkefni lágu fyrir á haustdögum 2015, en þær benda til þess að áhrif jarðskjálfta í grennd við höfuðborgarsvæðið hafi verið verulega ofmetnar í SHARE verkefninu. Á árunum 2016 og 2017 er gert ráð fyrir að enn frekari greining fari fram og í kjölfarið á því kynntar niðurstöður sem verði ein af meginforsendum í áhættumati Viðlagatryggingar Íslands.

Opinber mannvirki

Frá árinu 2012 hefur verið unnið að breytingum á fyrirkomulagi skráningar og innheimtu váttryggingaiðgjalda opinberra mannvirkja, skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 55/1992 um Viðlagatryggingu Íslands. Samskipti við ábyrgðarmenn opinberra mannvirkja hefur aukist, samhliða kröfum um aukinn skýrleika gagna. Það er hlutverk eigenda opinberra mannvirkja að koma upplýsingum um verðmæti þeirra til Viðlagatryggingar Íslands, svo tryggt sé að þau séu váttryggð gegn náttúruhamförum. Viðlagatrygging Íslands hefur því hvatt eigendur opinberra mannvirkja til þess að sinna tilkynningaskyldu sinni varðandi ný og breytt opinber mannvirki.





Rafrænn þjónustuvefur fyrir tjónamál

Í byrjun árs 2015 var innleitt rafrænt kerfi til að halda utan um meðferð og úrvinnslu tjónamála, svokölluð Tjónaskrá, en hún leysir af hólmi eldra og ófullkonnara kerfi með sama hlutverk. Verkið var unnið í kjölfar ítarlegrar þarfagreiningar og útboðs með aðkomu Ríkiskaupa.

Hugbúnaðarfyrirtækið Prógramm annast verkið. Í Tjónaskránni er öflug aðgangsstýring, þar sem rafræn skilríki eða Íslykill eru fersenda innskráningar fyrir notendur.

Verkferlar úr gæðakerfi stofnunarinnar eru innbyggðir í Tjónaskrána og við breytingu á stöðu máls fara sjálfkrafa tölvupóstar til viðeigandi aðila. Málshraðamælingar eru innbyggðar í kerfið sem auðveldar eftirfylgni með málum og verið er að þróa hálsjálfvirk sniðmát sem munu spara starfsfólki umtalsverðan tíma, sem er sérstaklega mikilvægt í stórum atburðum. Tjónaskráin býður upp á rafræn samskipti og hafa tjónþolar aðgengi að eigin málum á „mínum síðum“. Innleiðing kerfisins er liður í því að gera stofnunina betur í stakk búna til að takast á við stóra tjónsatburði.

Gæðakerfi Viðlagatryggingar Íslands

Viðlagatrygging Íslands hefur innleitt gæðakerfi skv. ISO:9001 gæðastaðlinum. Í júní 2013 var gæðakerfið vottað og staðfest af BSI á Íslandi. Með alþjóðlega vottuðu gæðakerfi er unnt að staðfesta áreiðanleika verklags m.a. gagnvart erlendum endurtryggjendum. Þeir hafa verulegra hagsmuna að gæta í stórum tjónsatburðum, þegar skipulag og kostnaðarstjórnun getur ráðið úrslitum um útgjöld þeirra. Gæðakerfið eykur áreiðanleika gagna, vistun, rekjanleika og samræmingu verklags og bætir rekstrarsamfellu hjá stofnuninni í viðtækum skilningi.

Til að tryggja stöðugt viðhald gæðakerfisins eru skipulagðar úttektir á fylgni við gæðaskjöl stofnunarinnar með virkri þátttöku allra starfsmanna. Á árinu 2015 voru framkvæmdar 96 innri úttektir á verklagi hjá stofnuninni auk skoðana innri og ytri endurskoðenda á fylgni við lög og reglur. Einnig endurskoðar stjórn stefnuskjöl reglulega og tryggir að þau séu í samræmi við lög og reglur sem um starfsemina gilda hverju sinni.



Rekstrarreikningur 2015

	2015	2014
Iðgjöld ársins	2.498.681	2.486.969
Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum	(361.576)	(426.355)
Eigin iðgjöld	<u>2.137.105</u>	<u>2.060.614</u>
Fjármunatekjur	1.722.100	1.379.984
Reiknaður fjármagnstekjuskattur	(344.410)	(275.997)
Fjárfestingartekjur	<u>1.377.690</u>	<u>1.103.987</u>
Endurgreidd umboðslaun	<u>5.666</u>	<u>12.600</u>
Heildartekjur	3.520.461	3.177.201
Tjónakostnaður	(110.695)	(88.810)
Hluti endurtryggjenda í tjónakostnaði	(44.788)	73.954
Breyting á tjónaskuld	236.010	171.600
Eigin tjón	<u>301.917</u>	<u>8.836</u>
Rekstrarkostnaður	(407.146)	(404.910)
Heildargjöld	<u>(709.063)</u>	<u>(401.074)</u>
Heildarhagnaður ársins	<u><u>2.811.398</u></u>	<u><u>2.776.127</u></u>

Efnahagsreikningur 31. des. 2015

	2015	2014
Eignir		
Varanlegir rekstrarfjármunir	2.949	4.423
Eignasafn í fjárvörslu	28.423.059	24.742.395
Endurtrygginga eignir	232.903	283.818
Viðskiptakröfur	484.881	539.993
Aðrar kröfur	0	5.546
Handbært fé	2.136.116	2.575.433
Eignir samtals	<u>31.279.908</u>	<u>28.151.608</u>
Eigið fé		
Varasjóður	4.270.135	4.270.135
Óráðstafað eigið fé	25.238.458	22.427.060
Eigið fé samtals	<u>29.508.593</u>	<u>26.697.195</u>
Skuldir		
Vátryggingaskuld	1.215.501	926.224
Tekjuskattsskuldbinding	518.426	490.918
Viðskiptaskuldir	24.187	21.992
Áfallinn kostnaður og fyrirframinnheimtar tekjur	13.201	15.279
Skuldir samtals	<u>1.771.315</u>	<u>1.454.413</u>
Eigið fé og skuldir samtals	<u>31.279.908</u>	<u>28.151.608</u>

